

Skagafjarðarveitur ehf.

Fundur 17 - 29.04. 2003

Þriðjudaginn 29. apríl, árið 2003 kom stjórn Skagafjarðarveitna ehf. saman til fundar kl. 1630 í Áhaldahúsinu.

Mættir voru stjórnarmennirnir: Árni Egilsson, Gísli Árnason, Einar Gíslason og Páll Pálsson veitustjóri sem ritaði fundargerð.

DAGSKRÁ:

1. Fagfundur Samorku á Selfossi.
2. Aðalfundur Fjölnets hf.
3. Borun við Kýrholt.
4. Bréf frá blakfélaginu Krækjum.
5. Vinnslueftirlit hitaveitu 2001 og 2002.
6. Önnur mál

AFGREIÐSLUR:

1. Fagfundur hita- og vatnsveitna verður haldinn á Hótel Selfossi 23. ? 24. maí nk.
Stjórnin samþykkir að þeir stjórnarmenn sem sjái sér fært, mæti á fundinn ásamt veitustjóra.
2. Fundarboð hefur borist á aðalfund Fjölnets hf þann 2. maí 2003.
Stjórnin samþykkir að þeir stjórnarmenn sem sjá sér fært að mæta á fundinn fari með atkvæðisrétt hlutfallslega.
3. Borun við Kýrholt.
Veitustjóri fór yfir stöðu mála vegna borunarinnar við Kýrholt.
Stjórnin samþykkir að bíða með framhald framkvæmda þar til eftir stjórnarfund Orkusjóðs varðandi málið.
4. Borist hefur bréf frá blakfélaginu Krækjunum þar sem þær fara fram á ferðastyrk frá Skagafjarðarveitum ehf til að taka þátt í Íslandsmóti öldunga á Neskaupsstað á næstu dögum.
Stjórnin hafnar erindinu.
5. Veitustjóri lagði fram skýrslu OS um eftirlit með jarðhitavinnslu hitaveitna Skagafjarðarveitna ehf fyrir árin 2001 og 2002.
Vegna umræðna á stjórnarfundum 16. nóv. 2000, hvort ekki væri rétt að bjóða gerð þessa eftirlits út vegna mikils kostnaðar vill veitustjóri upplýsa að reynt var að fá aðila í héraði til að vinna verkið en það reyndist ekki gerlegt. Í viðræðum við starfsmenn OS um málið varð að samkomulagi að draga tvo ár saman í eina skýrslu og þar með mun kostnaðurinn lækka verulega.
6. Önnur mál. Engin.

Fleira var ekki á dagskrá. Fundargerðin lesin upp og samþykkt og fundi slitið kl. 17 15

Ritari
Páll Pálsson